

Iðnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

7.3.2005
HBK/get

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað umsagnar Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði. Frumvarpið gerir ráð fyrir að 10. grein laga nr. 139/2001 um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur verði felld brott. Samkvæmt þessari lagagrein fer um skyldu Orkuveitu Reykjavíkur til greiðslu opinbera gjalda til ríkis og sveitarsjóða á sama hátt sem um skyldu fyrirtækja og stofnana sem sýslu og sveitarfélög reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á og slíkan rekstur hafa með höndum. Samkvæmt lagagreininni er Orkuveita Reykjavíkur undanþegin stimpilgjöldum.


Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja, Orkuveita Reykjavíkur hefur þegar skilað umsögn um það lagafrumvarp, en þar segir meðal annars;

- Skattlagning á orkufyrirtæki mun óhjákvæmilega leiða til hækkunar verðs þar sem í núverandi gjaldskrá gerir ekki ráð fyrir greiðslu tekju- og eignarskatta. Í athugasemdum við frumvarpið kemur ekki fram hvaða áhrif þessi skattlagning hefur á orkufyrirtækin og ekki kemur fram hvaða breytingar verða á gjaldskrár fyrirtækjanna verði frumvarpið að lögum.
- Orkuveita Reykjavíkur er með samninga um orkusölu til stóriðju sem gilda í 20 ár. Samningar þessir hafa verið gerðir fyrir hvatningu ríkisins og engir fyrirvarar af þess hálfu um að gera þurfi ráð fyrir skattlagningu til framtíðar. Arðsemisútreikningar sem gerðir hafa verið í góðri trú vegna stórframkvæmda hafa ekki gert ráð fyrir greiðslu þessara skatta. Forsendur gerðra samninga og arðsemi þeirra raskast verulega verði frumvarp þetta að lögum.
- Orkuveita Reykjavíkur er í eigu fjögurra sveitarfélaga sem hafa haft af henni arð. Möguleikar Orkuveitunnar til arðgreiðslna til eigenda sinna skerðast verulega ef til skattgreiðslna kemur. Ljóst er að sveitarfélögin eru ekki undir þann tekjumissi búin.
- Til að raska ekki samkeppnisstöðu orkufyrirtækja er nauðsynlegt að kveða á um að sömu reglur gildi um skattskyldu þeirra og skatthlutfall óháð því hvert rekstrarformið er.
- Flestar orkuveitur landsins eru með fjölþætta starfsemi svo sem rafmagnsdreifingu, rafmagnsframleiðslu, hitaveitur, vatnsveitur og fleiri starfssvið. Mikilvægt er að sömu reglur gildi óháð því hver starfsemin er sem verið er að skattleggja. Mjög

kostnaðarsamt er fyrir fyrirtækin þegar mismunandi reglur gilda fyrir mismunandi starfsemi.

Afnám undanþágu frá greiðslu stimpilgjalda kemur sér afar illa fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrirtækið stendur í umfangsmiklum virkjunarframkvæmdum á Hellsheiði og er gert ráð fyrir að heildarkostnaður við fyrsta áfanga virkjunarinnar og lagningu heitavatnsæðar til höfuðborgarsvæðisins nemi um 25 til 27 milljarðar króna. Mestur hluti kostnaðarins er fjármagnaður með lánum og við arðsemisútreikninga virkjunarinnar hefur verið gert ráð fyrir að Orkuveita Reykjavíkur yrði undanþegin stimpilgjöldum vegna þeirra lána sem taka þarf. Orkuveita Reykjavíkur leggur ríka áherslu á að undanþága þessi verði ekki afnumin.

Fyrir hönd Orkuveitu Reykjavíkur;


Hjörleifur B. Kvaran